

# Reglur Garðabæjar um stuðningsfjölskyldur

## 1. gr.

### Lagagrundvöllur og markmið

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 38/2018 eiga fjölskyldur fatlaðra barna rétt á stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur.

Verkefni stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi á fjölskyldu þess og gefa barni möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

## 2. gr.

### Réttur til þjónustu

Þjónustan stendur til boða fyrir fjölskyldur fatlaðra barna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Dvöl fatlaðs barns hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil.

Heimilt er að framlengja samning vegna barns 18 ára og eldri um stuðningsfjölskyldu á grundvelli mats á þörf meðan leitað er að annarri viðeigandi þjónustu.

Almennt er ekki gert ráð fyrir því að barn geti á sama tíma verið með stuðningsfjölskyldu og fengið þjónustu skammtímadvalar.

## 3. gr.

### Inntak þjónustu

Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu skal metin í samráði við forsjáraðila þess. Við matið er horft til aldurs barns, eðli og umfangs fötlunar, mats á stuðningsþörf sem og annarrar þjónustu sem veitt er og félagslegra aðstæðna. Taka ber tillit til óska forsjáraðila við val á stuðningsfjölskyldu eins og unnt er.

Þjónusta stuðningsfjölskyldu miðast við sólarhringsþjónustu. Þjónustan getur mest verið 6 sólarhringar á mánuði.

Sé talin þörf fyrir þjónustu í meira en 6 sólarhringa á mánuði í sex mánuði samfleytt skal unnin einstaklingsbundin þjónustuáætlun um aukna aðstoð á heimili barnsins. Þurfi barn annars konar þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldu þess samhliða stuðningsfjölskyldu í meira en 6 sólarhringa á mánuði í sex mánuði samfleytt skal vísa málefni þess til sérfræðingateymis til ráðgjafar skv. 20. gr. laga nr. 38/2018.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjá fleiri en tveggja barna í senn nema um systkini sé að ræða.

Þjónusta veitt á grundvelli þessara reglna felur aldrei í sér að stuðningsfjölskylda fái forsjá barns.

## 4. gr.

### Umsókn og mat á þjónustubörf

Umsókn um þjónustu stuðningsfjölskyldu er aðgengileg í þjónustugátt á vefsíðu Garðabæjar og í þjónustuveri Garðabæjar. Umsókn skal undirrituð eða staðfest með rafrænum skilríkjum af hálfu umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal veita umsækjanda þá aðstoð sem hann þarf og jafnframt að veita honum upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan 14 daga. Sinni hann ekki þeim tilmælum fellur umsókn úr gildi.

## **5. gr.**

### **Val á stuðningsfjölskyldu**

Velferðarsvið Garðabæjar ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018. Í ábyrgðinni felst meðal annars að val á stuðningsfjölskyldu sé í samræmi við skýrar faglegar kröfur og að stuðningsfjölskylda uppfylli hverju sinni þau skilyrði sem ákvörðun byggist á.

Stuðningsfjölskyldur skulu hafa tilskilið leyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Sótt er um leyfi til að gerast stuðningsforeldri beint til stofnunarinnar. Þjónusta stuðningsfjölskyldu getur ekki hafist fyrr en velferðarsviði Garðabæjar hefur borist fyrrnefnt leyfi frá stuðningsfjölskyldu.

Alla jafna skulu amma og afi barns ekki gerast formlegir stuðningsforeldrar fyrir barnabarn sitt, nema í sérstökum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barnsins best að mati velferðarsviðs Garðabæjar.

## **6. gr.**

### **Hlutverk og ábyrgð stuðningsfjölskyldu**

Verkefni stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi á fjölskyldur barns og gefa barni möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í almennum kröfum sem lúta að barnauppleði. Stuðningsfjölskylda er ekki til þess falin að leysa margþættan eða umfangsmikinn vanda ein og sér en er mikilvægur þáttur í því að styrkja foreldra og barn.

Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á velferð barns meðan á dvöl hjá henni stendur og skal hlúa að því í hvívetna. Það á jafnt við í tilfinningalegu, heilsufarslegu og félagslegu tilliti.

## **7. gr.**

### **Samningur og greiðslur til stuðningsfjölskyldu**

Stuðningsfjölskyldur gera verksamning við Garðabæ og eru greiðslur í formi verktakagreiðslu.

Samningsfjárhæð tekur almennt til stuðningsþarfa barnsins sem dvelst hjá stuðningsfjölskyldunni. Miðað er við að þjónusta hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu eða stuðningsfjölskyldan á heimili barnsins ef því er að skipta. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið. Forsjáraðilar barnsins bera ábyrgð á ferðum þess til og frá stuðningsfjölskyldu nema um annað sé samið sérstaklega.

Samningsfjárhæðin tekur mið af þeim fjölda sólarhringa sem barnið dvelst hjá fjölskyldunni sem og umönnunarþörf þess. Stuðst er við umönnunarmat Tryggingastofnunar ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð þar að lútandi.

## **8. gr.**

### **Upplýsingamiðlun og eftirlit**

Velferðarsvið Garðabæjar skal, í samvinnu við forsjáraðila barns, veita stuðningsfjölskyldu viðeigandi upplýsingar um allt það sem er mikilvægt fyrir velferð barnsins, þar á meðal heilsufar þess, ofnæmi, óþol, lyfjainntöku og aðrar sérþarfir.

Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á því að upplýsa velferðarsvið Garðabæjar og forsjáraðila barnsins um allt það sem upp kemur meðan á dvöl stendur og gæti haft áhrif á líðan barnsins. Leitast skal við að stuðningsfjölskylda gefi munnlegar upplýsingar eftir hverja dvöl. Óski forsjáraðili barns eða starfsmenn velferðarsviðs eftir skriflegri staðfestingu á einhverjum atriðum skal orðið við því.

Gagnkvæmri upplýsingamiðlun er ætlað að tryggja að framkvæmd sé skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem úrræðinu er ætlað að þjóna.

Stuðningsfjölskylda skal skrifa undir þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem hún fær um einkahagi viðkomandi fjölskyldu. Með sama hætti skulu forsjáraðilar barns undirgangast þagnareid varðandi hagi stuðningsfjölskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að dvöl lýkur og þegar samningur er útrunninn.

Garðabær kannar framkvæmd þjónustunnar á samningstímabilinu, eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti.

## **9. gr.**

### **Kynning á ákvörðun**

Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er en jafnframt skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Kynna skal umsækjanda skriflega niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem kostur er. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrir séð er að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði.

Sé umsókn synjað skal rökstyðja slíkt sérstaklega auk þess sem veita skal leiðbeiningar um málskot.

## **10. gr.**

### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

## **11. gr.**

### **Endurskoðun ákvörðunar**

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og getur umsækjandi skotið ákvörðun til velferðarráðs Garðabæjar innan fjögurra vikna frá því að honum barst vitneskja um ákvörðun. Um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála. Velferðarráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun eins fljótt og unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda skriflega og kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## **12. gr.**

### **Endurupptaka máls**

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarsviðs eða velferðarráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum eða ef ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að hún var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til velferðarsviðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjarráð.

**13. gr.**

**Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur kært ákvörðun samkvæmt reglum þessum til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun.

**14. gr.**

**Gildistaka**

Reglur þessar öðlast gildi með samþykki bæjarstjórnar. Jafnframt falla þá úr gildi reglur Garðabæjar sama efnis, nr. 413/2012.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

7. nóvember 2024